



HRUNAMANNAHREPPUR

16. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 8. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 11. ÁGÚST 2011
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 11. ágúst kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Samningur um almenningssamgöngur milli Vegagerðarinnar og SASS.
2. Ábúendur á Sólheimum. Fjallskilagjöld.
3. Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4X4. Erindi.
4. Golfklúbbur Flúða. Unglingastarf.
5. Samningur um fasteignasölu Lögmanna Suðurlands og Hrunamannahrepps.
6. Kristín Karólína Ólafsdóttir og Magnús Víðir Guðmundsson. Erindi.
7. Þjóðskrá Íslands. Fasteignamat 2012.
8. LOGOS. Veðsetning.
9. Tónsmiðja Suðurlands. Ósk um samstarf.
10. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Drög að reglum um framlög til eflingar tónlistarstarfs.
11. Umsókn um framkvæmdaleyfi. Rannsóknarhola vegna nýtingar á heitu vatni í Ásgarði í Kerlingarfjöllum.
12. Ungmennafélag Íslands. Landsmót 50+ 2012.
13. Umhverfissráðuneytið: Umsögn um reglugerð um landskipulagsstefnu.
14. Daði Geir Samúelsson. Áskorun.
15. Lóðamat í Ásabyggð á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Umhverfisnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 7. júní s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

17. Félagsþjónusta: 138. fundur félagsmálanefndar frá 1. júní s.l.
18. 37. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 28. júlí s.l. og 67. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 13. júlí s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 129. stjórnarfundar 2. maí s.l.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 130. stjórnarfundar 8. júní s.l.
- c. SASS: Fundargerð 444. stjórnarfundar frá 10. júní sl.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 204. stjórnarfundar frá 10. júní s.l.
- e. Almannaþing Árnessýslu: 11. fundur frá 17. maí sl.
- f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 134. stjórnarfundar frá 1. júní s.l.
- g. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 301. stjórnarfundar frá 14. júní s.l.
- h. Tónlistarskóli Árneseinga: 157. fundur skólanefndar frá 14. júní sl.
- i. Háskólafélag Suðurlands: Fundargerð 3. aðalfundar frá 14. júní sl.

Kynningarmál:

- j. Vegagerðin. Gatnamót við verslunina Strax.
- k. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fráveitumál.
- l. Ríkisskattstjóri. Álagning opinberra gjalda.
- m. Minnisblað vegna fundar með skipulagsráðgjafa vegna deiliskipulags á Flúðum.
- n. Veiðifélag Árneseinga. Aðalfundargerð
- o. Matsnefnd Eignarnámsbóta. Bakkatúnsvegur.

- p. Teiknistofa Arkitekta. Pakgluggi í leikskóla.
- q. Vegagerðin. Afgreiðsla styrkumsóknar.
- r. Slysavarnarfélagið Landsbjörg: Öryggisbúnaður ungs fólks í vinnunni.
- s. Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ og fulltrúafundur EBÍ.
- t. Innanríkisráðuneytið: Úthlutun framlag úr jöfnunarsjóði.
- u. Umhverfissráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru 16. september.
- v. Umhverfissráðuneytið: Þátttaka ungmenna í VII. 14. október 2011.
- w. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundagerð 788. fundar frá 24. júní s.l.
- x. Yfirlit um skráningu og kynningu á Fjalla-Eyvindi og Höllu.

Fundir framundan:

- y. Umhverfissráðuneytið: Umhverfisþing 2011
- z. Landfundur jafnréttisnefnda: Kópavogi 9.-10. september nk.
- aa. Innanríkisráðuneytið: Ráðstefna um beint lýðræði í sveitarstjórnnum og hjá ríki 14. september nk.

Skýrsla á skrifstofu:

- bb. Skógrækt ríkisins: Ársskýrsla 2010.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Samningur um almenningssamgöngur milli Vegagerðarinnar og SASS. Oddviti kynnti samning SASS og Vegagerðarinnar um skipulagningu almenningssamgangna milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Hreppsnefnd samþykkir samninginn.
2. Ábúendur á Sólheimum. Fjallskilagjöld. Oddviti kynnti bréf frá ábúendum á Sólheimum þar sem farið er fram á rökstuðning fyrir höfnun afsláttar á fjallskilagjöldum á fundi hreppsnefndar þann 3. febrúar 2011. Hreppsnefnd telur að með þeim breytingum sem gerð var á innheimtu fjallskilagjalda á árinu 2000 hafi verið fundin sanngjörn skipting á skiptingu kostnaðar við fjallskil. Þá varð sú breyting að þeir sem reka á fjall greiða alfarið launakostnað við smalamennsku af afrétti, gjald vegna vetrarfóðra kind var lækkað en gjald af landverði var óbreytt. Það er skoðun meirihluta hreppsnefndar að það sé eðlilegt að allir ábúendur jarða og þeir sem halda fé greiði ákveðið gjald til að hafa heimild til að reka til fjalls og greiða kostnað til að standa undir fjallskilamálum, t.d. vegna kostnaðar við réttir og skilaréttir. Þá skal tekið fram að sveitarfélagið hefur ekki nýtt sér að fullu hámarksheimild sína til að innheimta gjald af landverði. Þessi fjallskilagjöld sem eru lögð á ábúendur og fjáreigendur eru lág og nemur afsláttarkrafa umsækjanda kr. 3.037 vegna fjallskila fyrir árið 2010. Hreppsnefnd telur því ekki efni til að nýta sér heimild sína að veita afslátt, sbr.d-lið 10. gr. fjallskilareglugerðar. Gunnar Þór situr hjá við afgreiðslu málsins. Esther víkur sæti við afgreiðslu þessa mál.
3. Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4X4. Erindi. Oddviti kynnti ósk frá Ferðaklúbbum 4X4 um leyfi til að stika „Leppistunguleið“ frá Kerlingarfjöllum að Klakksleið sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Hreppsnefnd samþykkir erindið og lýsir yfir ánægju með framtakið.
4. Golfklúbbur Flúða. Unglingastarf. Oddviti kynnti beiðni frá Golfklúbbi Flúða um styrk til eflingar barna- og unglingsstarfs en haldið hefur verið námskeið í sumar fyrir börn og unglings. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 50.000 og felur jafnframt sveitarstjóra að vinna að því að koma á föstum samningi við Golfklúbb Flúða um styrk við barna- unglingsstarfs.
5. Samningur um fasteignasölu Lögmanna Suðurlands og Hrunamannahrepps. Oddviti kynnti samstarfssamning milli Hrunamannahrepps og Fasteignasölu Lögmanna Suðurlandi um verðmat, sölu og leigu fasteigna fyrir Hrunamannahrepp. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.
6. Kristín Karólína Ólafsdóttir og Magnús Víðir Guðmundsson. Erindi. Oddviti kynnti erindi vegna leikskólubarns og viðbrögð við astmasjúkdómi hennar í leikskóla. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar að ræða við leikskólalastjóra um úrræði.

7. **Þjóðskrá Íslands. Fasteignamat 2012.**
Oddviti kynnti nýtt fasteignamat fasteigna frá Þjóðskrá Íslands vegna ársins 2012. Þar kemur fram að fasteignamat í Hrunamannahreppi hækkar um 13,5% og lóðamat um 17,0% að meðaltali.
8. **LOGOS. Veðsetning.**
Oddviti kynnti bréf frá lögmannsstofunni Logos um veðsamninga Símans og Milu við viðskiptabanka sinn og yfirfærslu réttinda til veðhafa vegna símstöðvar á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að skrifa undir nauðsynleg skjöl vegna málsins.
9. **Tónsmiðja Suðurlands. Ósk um samstarf.**
Oddviti kynnti bréf frá Tónsmiðju Suðurlands vegna óska um samstarf um rekstur tónlistarskólans. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja skólastarf Tónsmiðjunnar með þeim hætti að veita þeim aðstöðu í félagsheimilinu eftir því sem unnt er.
10. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Drög að reglum um framlög til eflingar tónlistarstarfs.**
Oddviti kynnti drögin. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við drögin sem slík og fagnar því að auðveldara sé fyrir fólk að sækja sér framhaldsnám í tónlistarskólum óháð búsetu. Hins vegar er bent á að verið er að setja á nýtt og flókið staðfestingar- og endurgreiðsluferfi í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem veldur auknu skrifræði og kostnaði.
11. **Umsókn um framkvæmdaleyfi. Rannsóknarhola vegna nýtingar á heitu vatni í Ásgarði í Kerlingarfjöllum.**
Lagt fram bréf Páls Gíslasonar dags. 2. ágúst 2011, fyrir hönd Fannborgar ehf., þar sem óskað er eftir leyfi til að bora rannsóknarholu í hlíðum fjallsins Keis í Kerlingarfjöllum með það að markmiði að finna vatn til upphitunar húsa í Ásgarði. Fram kemur að framkvæmdin verði í samræmi við meðfylgjandi rannsóknarleyfi Orkustofnunar frá 12. júlí sl. Byggt á fyrirliggjandi gögnum telur sveitarstjórn að framkvæmdin komi ekki til að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið og gerir ekki athugasemdir við að boruð verði rannsóknarhola á þessum stað, með fyrirvara um niðurstöðu Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.
12. **Ungmennafélag Íslands. Landsmót 50+ 2012.**
Oddviti kynnti auglýsingu frá UMFÍ vegna umsókna um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 2. landsmóts UMFÍ 50+.
13. **Umhverfisráðuneytið: Umsögn um reglugerð um landskipulagsstefnu.**
Oddviti kynnti beiðni Umhverfisráðuneytisins um umsögn vegna reglugerðar um landskipulagsstefnu. Lögð er fram umsögn Byggingar- og skipulagsfulltrúaembættisins. Hreppsnefnd tekur undir athugasemdir embættisins um að aðkoma sveitarfélaganna sé ekki nægilega mikil að vinnslu landsskipulagsstefnu.
14. **Daði Geir Samúelsson. Áskorun.**
Oddviti kynnti áskorun frá Daða til stjórnenda Samkaupa hér á Flúðum um að opna NETTO búð í stað Samkaup strax og skorar á hreppsnefnd að fylgja henni eftir. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við forsvarsmenn Samkaupa.
15. **Lóðamat í Ásabyggð á Flúðum.**
Oddviti kynnti lóðamat sumarhúsalóða í Ásabyggð og samanburð við önnur sumarhúsasvæði í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að óska eftir endurmati hjá Þjóðskrá Íslands á lóðaverði sumarhúsalóða í Ásabyggð.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 7. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð frá 7. júní sl. Þar var rætt umhverfisverðlaun 2011 og ákveðið að Hótel Flúðir hljóti þau og síðan kynnti formaðurinn umfjöllunarefni sörpkynningar sem hann sótti í Bláskógabyggð. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

17. Félagsþjónusta: 138. fundur félagsmálanefndar frá 1. júní s.l.
Oddviti kynnti fundargerð 138. fundar félagsmálanefndar frá 1. júní sl.
Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
18. 37. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 28. júlí s.l. og 67. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 13. júlí s.l.
Oddviti lagði fram fundargerð 37. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 28. júlí 2011 en þar var farið yfir 1 mál fyrir Hrunamannahrepp og 4 sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 7, fundargerð 67. afgreiðslufundar frá 13. júlí. Þar var ekkert mál tekið fyrir sem tengdist Hrunamannahrepp. Mál nr. 8, vegna bréfs Umhverfissráðuneytisins um samþykktir embættisins þar sem nefndin felur skipulagsfulltrúa að fara yfir athugasemdir með ráðuneytinu. Mál nr. 9, drög að reglugerð um framkvæmdaleyfi þar sem samþykkt var umsögn vegna reglugerðarinnar. Mál nr. 10, drög að reglugerð um landskipulagsstefnu þar sem skipulagsfulltrúa var falið að gera tillögu að umsögn. Mál nr. 13, þar sem samþykkt er tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tjarnar- og Hlíðardal í Dalabyggð. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina að öðru leyti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 129. stjórnarfundar 2. maí s.l. Fundargerð lögð fram.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 130. stjórnarfundar 8. júní s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. SASS: Fundargerð 444. stjórnarfundar frá 10. júní sl. Fundargerð lögð fram.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 204. stjórnarfundar frá 10. júní s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Almannaþing Árnessýslu: 11. fundur frá 17. maí sl. Fundargerð lögð fram.
- f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 134. stjórnarfundar frá 1. júní s.l. Fundargerð lögð fram.
- g. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 301. stjórnarfundar frá 14. júní s.l. Fundargerð lögð fram.
- h. Tónlistarskóli Árnesinga: 157. fundur skólanefndar frá 14. júní sl. Fundargerð lögð fram.
- i. Háskólafélag Suðurlands: Fundargerð 3. aðalfundar frá 14. júní sl. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- j. Vegagerðin. Gatnamót við verslunina Strax. Lagt fram til kynningar.
- k. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fráveitumál. Lagt fram til kynningar.
- l. Ríkisskattstjóri. Álagning opinberra gjalda. Lagt fram til kynningar.
- m. Minnisblað vegna fundar með skipulagsráðgjafa vegna deiliskipulags á Flúðum. Lagt fram til kynningar.
- n. Veiðifélag Árnesinga. Aðalfundargerð Lagt fram til kynningar.
- o. Matsnefnd Eignarnámsbóta. Bakkatúnsvegur. Lagt fram til kynningar.
- p. Teiknistofa Arkitekta. Þakgluggi í leikskóla. Lagt fram til kynningar.
- q. Vegagerðin. Afgreiðsla styrkumsóknar. Lagt fram til kynningar.
- r. Slysavarnarfélagið Landsbjörg: Öryggisbúnaður ungs fólks í vinnunni. Lagt fram til kynningar.
- s. Brunabót: Styrktarsjóður EBÍ og fulltrúafundur EBÍ. Lagt fram til kynningar.
- t. Innanríkisráðuneytið: Úthlutun framlag úr jöfnunarsjóði. Lagt fram til kynningar.
- u. Umhverfissráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru 16. september. Lagt fram til kynningar.
- v. Umhverfissráðuneytið: Þátttaka ungmenna í VII. 14. október 2011. Lagt fram til kynningar.
- w. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundagerð 788. fundar frá 24. júní s.l. Lagt fram til kynningar.

- x. Yfirlit um skráningu og kynningu á Fjalla-Eyvindi og Höllu. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- y. Umhverfisráðuneytið: Umhverfisþing 2011
- z. Landfundur jafnréttisnefnda: Kópavogi 9.-10. september nk.
- aa. Innanríkisráðuneytið: Ráðstefna um beint lýðræði í sveitarstjórnnum og hjá ríki 14. september nk.

Skýrsla á skrifstofu:

- a. Skógrækt ríkisins: Ársskýrsla 2010. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.16:00.